

Nd.

235. Frumvarp til laga

[106. mál]

um smíði fiskiskipa innanlands.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Jónas Árnason.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal hlutast til um, að smíðuð verði 50 fiskiskip í innlendum skipasmíðastöðvum á árunum 1968—1971.

2. gr.

Gerð og útbúnaður skipanna skal ákveðinn af 5 manna nefnd, sem ráðuneytið skipar, og skal hún jafnframt hafa á hendi allan undirbúning að byggingarframkvæmdum samkv. þessum lögum. Skipaskoðunarstjóri skal vera formaður nefndarinnar, en tveir nefndarmenn skipaðir samkv. tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, einn samkv. tilnefningu Alpýðusambands Íslands og einn samkv. tilnefningu Sjómannasambands Íslands.

3. gr.

Skip, sem smíðuð eru samkv. lögum þessum, skulu eigi vera af fleiri gerðum en þremur, svo að unnt sé að koma við hagkvæmum vinnubrögðum við smíðina.

4. gr.

Tollar af öllu efni og tækjum til skipanna skulu niður falla eða endurgreiðast, og einnig er fjármálaráðherra heimilt að fella niður tolla af nauðsynlegum vinnuvélum vegna þessarar smíði.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal semja við Fiskveiðisjóð Íslands um lánveitingar út á skip þau, sem smíðuð verða samkv. þessum lögum, en heimilt er ríkisstjórn-

inni að taka allt að 200 millj. króna lán vegna þessara framkvæmda, eða veita ríkisábyrgð vegna lána, sem tekin kunna að verða.

6. gr.

Skip, sem smíðuð eru samkv. þessum lögum, skulu seld útgerðarmönnum eða útgerðarfélagum, samvinnufélagum eða bæjarfélagum, og skulu lán, sem skipunum fylgja, vera 85% af kostnaðarverði.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur reglugerð um nánari ákvæði varðandi framkvæmdir samkv. þessum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nýlega beindu samtök járníðnaðarmanna þeim tilmælum til Alþingis, að lögfest yrði áætlun um byggingu 50 fiskiskipa í innlendum skipasmíðastöðvum á næstu 4 árum.

Með frumv. þessu viljum við Alþýðubandalagsmenn taka undir þessi tilmæli, þar sem við teljum, að hér sé hreyft miklu nauðsynjamáli.

Eins og kunnugt er, hafa skipasmíðar innanlands átt erfitt uppdráttar undanfarin ár og flestar skipasmíðastöðvar haft lítil verkefni. Samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar hefur verið erfið, bæði vegna mikillar dýrtíðar hérlendis og eins vegna þess, að hér hefur ekki verið hægt að fá nauðsynlegt fjármagn, svo að hægt væri að standa að framkvæmdunum á svipuðum grundvelli og víðast erlendis.

Það er skoðun flutningsmanna, að stefna eigi að því að smíða svo til öll fiskiskip landsmanna í innlendum skipasmíðastöðvum. Fiskiskip okkar þarf að byggja miðað við íslenzkar aðstæður og eftir þeim sérstöku kröfum, sem hér eru á hverjum tíma. Allar slíkar aðstæður er bezt að heimamenn sjálfir meti og reyni að uppfylla, eftir því sem hægt er. Rétt er því að vinna að því eftir föngum að koma upp hér á landi góðum og vel útbúnum skipasmíðastöðvum, sem sérstaklega leggi fyrir sig fiskiskipasmíðar.

Nokkrum skipasmíðastöðvum hefur þegar verið komið upp á ýmsum stöðum hér á landi. Þær eru að vísu misjafnlega búnar að tækjum og mannafla, en reynslan hefur þó sannað, að þær geta smíðað góð og traust fiskiskip, sem eru fyllilega jafngóð og þau, sem keypt eru erlendis frá. Síðustu árin hafa innlendu stöðvarnar haft lítil verkefni þrátt fyrir miklar skipasmíðar á vegum landsmanna. Að nokkru leyti hefur þetta stafað af því, að fiskibátasmiðin hefur verið að breytast úr eikarbátum í stálbáta, en stálskipasmiðin var hins vegar ekki eins langt komin hér á landi og smíði trébáta. Þó hefur hitt efalaust ráðið meiru um verkefnaskort innlendu skipasmíðinnar, að skipasmíðastöðvarnar hér hafa ekki getað fengið það fjármagn, sem til hefur þurft, og sérstaklega ekki til þess að geta veitt þau lánskjör, sem erlendar skipasmíðastöðvar hafa veitt.

Það er álit flutningsmanna þessa frumvarps, að hægt sé að leysa fjárhagsvandamál skipasmíðanna á þann hátt, að ríkið hafi forgöngu um smíði nokkurs fjölda fiskiskipa, sem síðan verði seld væntanlegum útgerðaraðilum.

Ríkissjóður getur tekið erlent lán og reyndar einnig innlent lán til framkvæmdanna og tengt þau lán síðan við stofnlán Fiskveiðasjóðs á svipaðan hátt og nú á sér stað um erlendu lánin, sem skipunum fylgja frá erlendu skipasmíðastöðvunum. Standi ríkið þannig fyrir smíði nokkurra fiskiskipa af þeirri gerð, sem vitað er að hentar íslenzkum aðstæðum, ætti að vera hægt að koma við hagkvæmum vinnubrögðum og íslenzku stöðvarnar fengju þá föst og örugg verkefni til langs tíma. Takist vel til um framkvæmdir, ætti að mega húast við hagkvæmara verði á fiskiskipunum með slíkum vinnubrögðum en nú á sér stað.

Skipasmíðaiðnaðurinn er íslenskum sjávarútvegi nauðsynlegur. Viðhald fiskiskipaflotans verður að fara fram í landinu, og þá á einnig að vera hægt að gera hér á landi meiri háttar breytingar á skipum, og hér á að fara fram hið reglulega effirlit, sem alltaf kallar á mikla skipasmíðavinnu. Samhliða þessum störfum þarf að vera góð aðstaða til nýbyggingar á fiskiskipum.

Verkefnaleysi í járníðnaði eins og það, sem nú hefur verið um skeið, má ekki endurtaka sig. Augljóst er, að í veg fyrir það má koma með hagnýtingu skipasmíðastöðvanna og smíði þeirra fiskibáta innanlands, sem landsmenn þurfa að kaupa.